

# Fréttabréf Garðasels

Október 2017



## Þróunarverkefni um Læsi

Í haust byrjuðu leikskólarnir á Akranesi í tveggja ára samstarfsverkefni sem felur í sér að leggja áherslu á læsi í leiksskólum. Þegar vísað er til hugtaksins læsis í leikskóla er verið að horfa til málörvunar, málskilning, orðaforða og hugtakaskilnings. Markmiðið er að leggja góðan grunn fyrir komandi lestrarnám. Í verkefninu verður lögð áhersla á fræðslu til starfsfólks og foreldra auk þess að samræma kennsluhætti í leikskólunum og gera kennsluáætlanir. Umsjónarmenn verkefnisins eru sérkennslustjórar skólanna.

Til þess að auka þekkingu foreldra á hlutverki og mikilvægi þeirra í málörvun og lestrarnámi barna eru þeir boðaðir á fyrirlestur í **Tónbergi miðvikudaginn 4. október kl: 19.30-20.30** en þar mun sérfræðingur frá Menntamálastofnun verða með erindi um mikilvægan þátt foreldra.



## Þema október – læsi

Læsi er þema október. Deildir skipuleggja verkefni tengd læsinu og hún verður tengd inn í daglegt starf, hópastarf og samverustundi. Leikskólarnir á Akranesi eru að vinna að þróunarverkefni sem fjallar um læsi í leikskólum, mikilvægi málþroska og


## Vináttuverkefni Barnaheilla

Áfram verður unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla en það er forvarnarverkefni gegn einelti. Garðasel er hluti af því leikskólasamfélagi dæm vinnur með þetta forvarnarverkefni. Mikilvægt er að leggja grunninn að góðum samskiptum snemma og í leikskóla fer fram mikil félagsmótun, sem getur fylgt börnunum áfram í grunnskólann og út í lífið.

Stefnt er að því á þessu skólaári að gefa foreldrum betri og meiri innsýn í hvernig unnið er

með verkefnið í barnahópnum því saman geta foreldrar og leikskóli hjálpað börnunum að verða góðir félagar, sem sýna hvert öðru umburðarlyndi, virðingu og jákvæðni en það eru grunnigildi góðrar vináttu.

Mikilvægt er að hafa í huga þegar boðið er í afmæli barna, hvernig það er gert því það er oft viðkvæmasta stundin í lífi barna að vera „ekki boðið“ .



Ég vil eiga vini og því  
þarf ég að vera góður  
vinur

## Sunddagur

Fyrri sunddagur skólaársins er laugardaginn **14. október kl: 13.00- 14.30** en þá er Bjarnalaug, upphituð, til afnota fyrir Garðaselsbörnin og fjölskyldur þeirra.



## Vökudagar – ljósmyndasýning

Hinir árlegu Vökudagar á Akranesi verða 26.október – 5. nóvember og taka elstu börnin þátt í þeim með ljósmyndasýningu sinni **Það sem auga mitt sér** en hún verður sett upp á Höfða.



Á Vökudögum er einnig listasýning leikskólabarna í Vitanum og er þemað **Breiðin mín**. Ekki er búið að ganga frá því hvaða árgangur verður með þar en það verður annaðhvort 2012 börnin eða 2013.

## Fataherbergi

Nú þegar veðrið fer að minna á sig með alls konar veðrabrigðum yfir daginn og milli daga er mikilvægt að börnin hafi útifatnað sem hæfir veðri til að geta tekið þátt í útivistinni. Foreldrar eru beðnir að taka heim í lok dags það sem er blautt eða óhreint. Þá eru foreldrar beðnir að taka með sér töskur eða stóra fatapoka – ekki skilja það eftir í hólfi barnanna eða uppi á fatakössunum.

Merkingar fatnaðar eru mikilvægar ef fatnaður fer á flakk – illa hægt að rekja það sem er ómerkt eða er merkt með nafni annars en barnsins.

<http://rogn.is/> hér er hægt að panta fyrir lítinn pening merkingar á föt og inn í skófatnað.



## Símanúmer skólans

- skóli 433-1240
- Lón 433-1243
- Holt 433-1244
- Vík 433-1245



## Foreldrafélag og foreldraráð 2017-2018

<b>Foreldraráð 2017 - 2018</b> Bára Daðadóttir ( Lón-Vík ) Berglind Ósk Pétursdóttir ( Holt ) Sigurbjörg Ragnarsdóttir ( Holt – Vík ) Valdís Sigurvinsdóttir ( Vík )	<b>Foreldrafélag 2016 - 2017</b> Guðmundur Ingbór Guðjónsson ( Vík ) Katrín Valdís Hjartardóttir ( Vík ) Rut Ragnarsdóttir ( Holt ) Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir ( Vík )
--	--